

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands,
sbr. lög nr. 33/1970.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Auk stofnfjár skv. 3. gr. skal fjáröflun til Fiskveiðasjóðs vera með eftirtöldum hætti:

- a. vextir af lánnum og öðrum kröfum,
- b. útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem renna til sjóðsins lögum samkvæmt,
- c. 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (öðrum en þeim, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum). Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru og skal það reiknað af sjávarafurðum, sem framleiddar eru á tímabilinu frá 1. júlí 1973 til 31. desember 1975,
- d. til viðbótar framlagi til sjóðsins skv. c-lið greiðir ríkissjóður honum jafnháa fjárhæð árlega,
- e. til viðbótar framlagi til sjóðsins skv. b—d-lið greiðir ríkissjóður honum árlega 35 milljónir króna,
- f. lántökur innanlands og erlendis, sbr. þó 7. gr. laga nr. 30/1960.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jóseppson.

L Ö G

um heilbrigðisþjónustu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- 1.1. Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.
- 1.2. Heilbrigðisþjónusta tekur til hvers kyns heilsugæzlu, heilbrigðiseftirlits, lækningarannsóknna, lækninga í sjúkrahúsum og endurhæfingarstarfs.

- 1.3. Ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála sér um, að heilbrigðisþjónusta sé eins góð og þekking og reynsla leyfir og í samræmi við lög og reglugerðir.

I. KAFLI

Yfirstjórn.

2. gr.

- 2.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn heilbrigðismála.
2.2. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

3. gr.

- 3.1. Landlæknir er ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar um allt, er varðar heilbrigðismál, og annast framkvæmd tiltekinna málaflokka f. h. ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta.
3.2. Forseti skipar landlækni. Hann skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa jafngilda menntun til starfsins.
3.3. Ráðherra setur reglugerð um starf og stöðu landlæknis og embættis hans að höfðu samráði við Samtök heilbrigðisstétta, læknadeild Háskóla Íslands og Læknafélag Íslands. Í reglugerðinni skal kveða á um faglegt eftirlit landlæknis með heilbrigðisstofnunum, lyfjanotkun, heilbrigðiseftirliti og sóttvarnaráðstöfunum og einnig um sérhæft starfslið til þess að sinna þeim verkefnum.
3.4. Landlækni er skylt að sinna kvörtunum eða kærum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisstétta.

4. gr.

- 4.1. Ráðuneytið annast framkvæmd mála fyrir hönd ráðherra og hefur eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um framkvæmd heilbrigðismála sé framfylgt.

5. gr.

- 5.1. Ráðherra skal setja á stofn ráðgjafarnefnd um heilbrigðis- og almannatryggingamál: Heilbrigðisráð Íslands. Landlæknir er formaður ráðsins, en þessir aðilar tilnefna menn í það: læknadeild Háskóla Íslands, Læknafélag Íslands, Tannlæknafélag Íslands, Hjúkrunarfélag Íslands, Samband ísl. sveitarfélaga, tryggingaráð og stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs. Samtök heilbrigðisstétta tilnefna 2 menn í ráðið og ráðherra skipar 3 menn án tilnefningar. Ráðið skal starfa án þóknunar.
5.2. Skipun í ráðið er til þriggja ára. Í fyrsta sinn skal þó skipa 6 fyrsttöldu til fjögurra ára.
5.3. Ráðið er ráðgjafar- og umsagnaraðili um heilbrigðis- og almannatryggingamál. Heimilt er að skipta ráðinu í deildir eftir sérverkefnum. Ráðið setur sér starfsreglur, sem ráðherra staðfestir.

II. KAFLI

Um læknishéruð.

6. gr.

- 6.1. Á Íslandi skulu vera læknishéruð svo sem hér greinir:
1. Reykjavíkurbérað tekur yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepp. Aðsetur héraðslæknis í Reykjavík.

2. Suður- og Vesturlandshérað tekur yfir svæðið frá Skeiðará að Kollafirði á Barðaströnd. Aðsetur héraðslæknis í Hafnarfirði.
3. Vestfjarðahérað tekur yfir svæðið frá Kollafirði að Geirólfsgnúpi á Ströndum. Aðsetur héraðslæknis á Ísafirði.
4. Norðurlandshérað tekur yfir svæðið frá Geirólfsgnúpi á Ströndum að Kollumúla. Aðsetur héraðslæknis á Akureyri.
5. Austurlandshérað tekur yfir svæðið frá Kollumúla að Skeiðará. Aðsetur héraðslæknis á Egilsstöðum.

7. gr.

- 7.1. Héraðslæknar skulu vera sérmenntaðir embættislæknar eða hafa menntun í félagslækningum og heilbrigðisfræðum, sem telst jafngild.
- 7.2. Þeir eru skipaðir í embætti af forseta að fenginni umsögn nefndar, sbr. 33. gr.

8. gr.

- 8.1. Héraðslæknar annast embættisstörf hver í sínu héraði undir umsjá landlæknis og í samvinnu við viðkomandi deildir ráðuneytis. Landlæknir skipuleggur skýrslugerðir héraðslækna, annarra lækna og heilbrigðisstofnana, innheimtir fyrirskipaðar skýrslur frá þessum aðilum og annast útgáfu heilbrigðisskýrslna landsins í samvinnu við viðkomandi deildir ráðuneytisins. Héraðslæknar hafa ekki skyldu til almennra læknisstarfa, nema svo sé fyrir mælt í skipunarbréfi, en heimild hafa þeir til slíkra starfa, ef sérstaklega stendur á og leyfi landlæknis kemur til.

9. gr.

- 9.1. Héraðslæknir sér um, að framfylgt sé lögum og reglum um heilbrigðismál í héraðinu. Hann hefur í héraðinu yfirumsjón með öllu heilbrigðisstarfi í umboði ráðuneytis, bæði á sjúkrahúsum, heilsugæzlustöðvum og annars staðar, þar sem slíkt starf fer fram. Hann annast samræmingu heilbrigðisstarfa í héraðinu og er ráðunautur ríkisvaldsins um öll heilbrigðismál héraðsins.
- 9.2. Ráðherra setur héraðslæknum erindisbréf, þar sem nánar er kveðið á um störf þeirra, réttindi og skyldur.

10. gr.

- 10.1. Kostnaður við embætti héraðslækna skal greiddur úr ríkissjóði.
- 10.2. Þeim skal tryggð starfsaðstaða fyrir sig og starfslið sitt á heilsugæzlustöð, þar sem þeir hafa aðsetur, og þeir skulu eiga kost á embættishústað.
- 10.3. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um starfsaðstöðu og starfslið héraðslækna.

11. gr.

- 11.1. Héraðslæknar taka laun eftir launakerfi opinberra starfsmanna. Þeir skulu eiga rétt á staðaruppbót, þannig að laun þeirra séu á hverjum tíma í samræmi við laun lækna við sjúkrahús og heilsugæzlustöðvar.

12. gr.

- 12.1. Héraðslæknar skulu eiga rétt á 6 vikna leyfi annað hvert ár til rannsóknarstarfa og námsferða. Í slíku leyfi skulu þeir halda fullum launum og staðgengill vera launaður úr ríkissjóði. Þeir skulu og eiga rétt á að fá greiddan kostnað vegna ferða og námsdvalar á sama hátt og gildir um ferðir ríkisstarfsmanna erlendis og dvöl þeirra þar.
- 12.2. Læknaþing erlend og innlend skulu héraðslæknar sækja í samráði við landlækni og þá á kostnað ríkisins.
- 12.3. Ákvæði þessarar greinar skulu, eftir því sem við getur átt og ráðherra ákveður, einnig taka til annars fastráðins starfsliðs í heilbrigðisþjónustu.

III. KAFLI Um heilsugæzlu.

13. gr.

13.1. Heilsugæzla merkir í þessum lögum heilsuverndarstarf og allt lækningastarf, sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra, sem ekki dveljast í sjúkrahúsum.

14. gr.

- 14.1. Setja skal á stofn heilsugæzlustöðvar til þess að annast heilsugæzlu samkvæmt lögum þessum.
- 14.2. Þar sem aðstæður leyfa, skal heilsugæzlustöð vera í starfstengslum við sjúkrahús og þá ávallt rekin sem hluti af því, og í sömu byggingu, sé þess kostur.
- 14.3. Þar sem sjúkrahús er fyrir og afráðið er, að stofna skuli heilsugæzlustöð, skal byggja stöðina í starfstengslum við sjúkrahúsið, þannig að þjónustudeildir og starfslið nýtist fyrir hvort tveggja.
- 14.4. Þar sem afráðið verður samkvæmt lögum þessum að reisa heilsugæzlustöð og ekki er sjúkrahús á staðnum fyrir, skal kanna þörf héraðsins (umdæmisins) fyrir sjúkrahús, sbr. 35. gr., og hvort þörf sé fullnægt, einkum hvað viðvikur hjúkrunar- og endurhæfingarheimilum, og haga framkvæmdum í samræmi við það.

15. gr.

- 15.1. Heilsugæzlustöðvar geta verið með tvennu móti: heilsugæzlustöð I (H 1), þar sem starfar einn læknir hið minnsta og annað starfslið samkvæmt reglugerð, sbr. grein 21.2., svo og heilsugæzlustöð II (H 2), þar sem starfa 2 læknar hið minnsta ásamt öðru starfsliði samkvæmt reglugerð.
- 15.2. Starfslið heilsugæzlustöðvar getur að hluta verið sameiginlegt með annarri heilbrigðisstofnun í starfstengslum við stöðina.
- 15.3. Lyfjaútibú eða lyfjaútsala samkv. 43. og 44. gr. lyfsölulaga eða lyfjasala undir eftirliti lækna stöðvarinnar skal jafnan vera á heilsugæzlustöð, ef lyfjabúð er ekki á staðnum.

16. gr.

16.1. Heilsugæzlustöðvar ein eða fleiri skulu vera í héruðum skv. 6. gr. Héruðum skal skipt í heilsugæzluumdæmi, og skulu stöðvar innan sama umdæmis hafa samstarf og veita hver annarri aðstoð og þjónustu, eftir því sem við verður komið. Heilsugæzluumdæmi og heilsugæzlustöðvar skulu vera í héruðum svo sem hér greinir:

16.2. Reykjavíkurhérað.

1. Í Reykjavík H 2, starfssvæði Reykjavík og Seltjarnarneshreppur.

16.3. Suður- og Vesturlandshérað.

1. Víkurumdæmi.

- a) Vík í Mýrdal H 1, starfssvæði Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur.
- b) Kirkjubæjarklaustur H 1, starfssvæði Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur og Álftavershreppur.

2. Hvolsvallarumdæmi H 2, á Hvolsvelli, starfssvæði Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ása-hreppur og Djúpárhreppur.

3. **Selfossumdæmi.**
 - a) Laugarás H 2, starfssvæði Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Grímsneshreppur.
 - b) Selfoss H 2, starfssvæði Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Grafningshreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkaheppur, Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur.
 4. **Vestmannaeyjaumdæmi.** Vestmannaeyjar H 2, starfssvæði Vestmannaeyjar.
 5. **Keflavíkurumdæmi.** Keflavík H 2, starfssvæði Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurhreppur, Gerðahreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur, Grindavíkurhreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.
 6. **Hafnarfjarðarumdæmi.** Hafnarfjörður H 2, starfssvæði Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.
 7. **Kópavogsumdæmi.** Kópavogur H 2, starfssvæði Kópavogskaupstaður.
 8. **Álafossumdæmi.** Reykjalundur H 2, starfssvæði Þingvallahreppur, Mosfellshreppur, Kjálarneshreppur og Kjósarhreppur.
 9. **Akranesumdæmi.** Akranes H 2, starfssvæði Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur og Leirár- og Melahreppur.
 10. **Borgarnesumdæmi.** Borgarnes H 2, starfssvæði Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtisdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhliðarhreppur, Norðurárdalshreppur, Stafholtstungnahreppur, Borgarhreppur, Borgarneshreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur.
 11. **Ólafsvíkurumdæmi.** Ólafsvík H 2, starfssvæði Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur, Neshreppur, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur.
 12. **Stykkishólsumdæmi.**
 - a) Stykkishólmi H 2, starfssvæði Miklaholtshreppur, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólshreppur, Skógarstrandarhreppur og Flateyjarhreppur.
 - b) Búðardal H 2, starfssvæði Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur, Saurbæjarhreppur, Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur.
- 16.4. **Vestfjarðahérað.**
1. **Patreksfjarðarumdæmi.** Patreksfjörður H 2, starfssvæði Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur, Suðurfjarðahreppur, Múlahreppur, Barðastrandarhreppur og Rauðasandshreppur.
 2. **Ísafjarðarumdæmi.**
 - a) Ísafjörður H 2, starfssvæði Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur og Suðureyrarhreppur.
 - b) Á Þingeyri H 1, starfssvæði Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur og Auðkúluhreppur.
 - c) Flateyri H 1, starfssvæði Mosvallahreppur og Flateyrarhreppur.
 - d) Í Bolungarvík H 1, starfssvæði Hólshreppur.
- 16.5. **Norðurlandshérað.**
1. **Hvammstangaumdæmi.**
 - a) Í Hólmavík H 1, starfssvæði Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur,

Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspakseyrarhreppur og Árneshreppur.

- b) Hvammstanga H 2, starfssvæði Bæjarhreppur, Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjubvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelsbólshreppur.
2. **Blönduósumdæmi.** Blönduós H 2, starfssvæði Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svinavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.
3. **Sauðárkróksumdæmi.** Sauðárkróki H 2, starfssvæði Sauðárkrókur, Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur.
4. **Siglufjarðarumdæmi.** Siglufirði H 2, starfssvæði Siglufjörður, Haganeshreppur og Holtshreppur.
5. **Dalvíkurumdæmi.**
 a) Á Ólafsfirði H 1, starfssvæði Ólafsfjarðarkaupstaður.
 b) Á Dalvík H 2, starfssvæði Hríseyjarhreppur, Dalvíkurhreppur, Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur.
6. **Akureyrarumdæmi.** Akureyri H 2, starfssvæði Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálsahreppur og Grímseyjarhreppur.
7. **Húsavíkurumdæmi.** Húsavík H 2, starfssvæði Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður og Tjörneshreppur.
8. **Kópaskersumdæmi.** Kópasker H 1, starfssvæði Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur.
9. **Þórshafnarumdæmi.**
 a) Á Þórshöfn H 2, starfssvæði Raufarhafnarhreppur, Skeggjastaðahreppur, Sauðaneshreppur, Þórshafnarhreppur og Svalbarðshreppur.
 b) Á Vopnafirði H 1, starfssvæði Vopnafjarðarhreppur.
- 16.6. **Austurlandshérað.**
1. **Egilsstaðaumdæmi.**
 a) Á Egilsstöðum H 2, starfssvæði Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjalta-
 staðahreppur, Borgarfjarðarhreppur, Loðmundarfjarðarhreppur, Tungu-
 hreppur, Fellahreppur og Fljótsdalshreppur.
 b) Á Seyðisfirði H 1, starfssvæði Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðar-
 kaupstaður.
2. **Norðfjarðarumdæmi.**
 a) Í Neskaupstað H 2, starfssvæði Neskaupstaður, Mjóafjarðarhreppur og
 Norðfjarðarhreppur.
 b) Á Eskifirði H 1, starfssvæði Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur og
 Reyðarfjarðarhreppur.
 c) Á Fáskrúðsfirði H 1, starfssvæði Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur
 og Stöðvarhreppur.
3. **Hafnarumdæmi.**
 a) Á Djúpavogi H 1, starfssvæði Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geit-
 hellnahreppur og Breiðdalshreppur.
 b) Á Höfn í Hornafirði H 2, starfssvæði Bæjarhreppur, Hafnarhreppur,
 Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.

17. gr.

- 17.1. Flokkun stöðva samkvæmt 16. grein er ráðherra heimilt að breyta með reglugerð, ef aðstæður breytast svo, að þess sé talin þörf.

18. gr.

- 18.1. Þrátt fyrir skiptingu landsins milli heilsugæzlustöðva, svo sem rakið er í 16. gr., skulu íbúar einstakra sveitarfélaga og byggðarlaga jafnan eiga rétt á að leita læknishjálpar til þeirrar heilsugæzlustöðvar eða lækningarmóttöku, sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni.

19. gr.

- 19.1. Ráða skal héraðshjúkrunarkonur til starfa með héraðslæknum, sbr. 6. gr. — Héraðshjúkrunarkonur skulu hafa yfirumsjón með hjúkrunarstarfi í héraðinu í samráði við héraðslækni og deildarstjóra ráðuneytisins í hjúkrunarmálum.
- 19.2. Ráða skal hjúkrunarkonur og ljósmæður til starfa við heilsugæzlustöðvar.
- 19.3. Allar hjúkrunarkonur og ljósmæður, sem hér um ræðir, skulu skipaðar af ráðherra og taka laun úr ríkissjóði.
- 19.4. Stefnt skal að því, að héraðshjúkrunarkonur hafi sérmenntun í heilsuvernd og stjórnunarstörfum á sviði hjúkrunar og að hjúkrunarkonur á heilsugæzlustöðvum hafi sérmenntun í heilsuverndarstarfi, fæðingarfræði eða starfi hjúkrunarkonu á göngu- og slysadeildum.

20. gr.

- 20.1. Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæzlustöðva svo og vegna aðstöðu til móttöku sjúklinga utan stöðva greiðist að 85% úr ríkissjóði, en að 15% af viðkomandi sveitarfélögum.
- 20.2. Íbúðarhúsnæði lækna, hjúkrunarkvenna og ljósmæðra telst hluti stöðvanna utan Stór-Reykjavíkursvæðisins og Akureyrar.
- 20.3. Ríkissjóður og sveitarfélög eru eigendur heilsugæzlustöðva í hlutfalli við fjárframlög, sbr. 20.1.

21. gr.

- 21.1. Á heilsugæzlustöð skal veita þjónustu, eftir því sem við á, svo sem hér segir:
1. Almenna lækniþjónustu, vaktþjónustu og vitjanir til sjúklinga.
 2. Lækningarannsóknir.
 3. Sérfræðilega lækniþjónustu og tannlækningar.
 4. Heilsuvernd, svo sem:
 - a) Mæðravernd.
 - b) Ungbarna- og smábarnavernd.
 - c) Heimahjúkrun.
 - d) Skólaeftirlit.
 - e) Íþróttaeftirlit.
 - f) Atvinnusjúkdómæftirlit.
 - g) Berklavarnir.
 - h) Kynsjúkdómavarnir.
 - i) Geðvernd, áfengis- og fíknilyfjavarnir.
 - j) Félagssráðgjöf.
 - k) Hópskoðanir og skipulagða sjúkdómaleit.
 - l) Sjúkvernd og heyrnvernd.

Aðrar heilsuverndargreinar eftir ákvörðun ráðherra. Ráðherra getur og ákveðið, að heilbrigðiseftirlit hafi aðstöðu í heilsugæzlustöð.

21.2. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um stærð heilsugæzlustöðvar og fyrirkomulag, lækna fjölda og sérmenntað starfslið, tækjabúnað og starfsháttu og fyrirkomulag heilsuverndarstarfs á hverjum stað, þar á meðal um móttöku sjúklinga utan stöðva. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að fjölga stöðvum í umdæmum að höfðu samráði við Læknafélag Íslands.

22. gr.

22.1. Rekstrarkostnaður heilsugæzlustöðva svo og kostnaður vegna aðstöðu lækna utan stöðva, annar en launakostnaður lækna, hjúkrunarkvenna og ljósmæðra, greiðist af þeim sveitarfélögum, sem hlut eiga að máli.

23. gr.

23.1. Stjórn heilsugæzlustöðvar I er þannig skipuð, að starfslið stöðvarinnar kýs einn mann, en tveir skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum. Á heilsugæzlustöð II kýs starfslið tvo menn og sveitarstjórnir þrjá menn í stjórn stöðvarinnar. Kjörtímabil stjórna heilsugæzlustöðva er hið sama og sveitarstjórna. Heimilt er að stofna starfsmannaráð heilsugæzlustöðvar stjórninni til ráðuneytis.

23.2. Þegar heilsugæzlustöð er í starfstengslum við sjúkrahús, fer sjúkrahússtjórn, sbr. 32. gr., með stjórn allrar stofnunarinnar. Séu fleiri en ein stöð í sama sveitarfélagi, skulu þær vera undir sameiginlegri stjórn. Í Reykjavík skal Heilbrigðismálaráð fara með stjórn stöðva.

24. gr.

24.1. Læknar og tannlæknar, sem starfa við heilsugæzlustöðvar, skulu skipaðir af ráðherra. Þeir skulu taka laun með tvennu móti:

- a) Föst laun fyrir gegningarskyldu, vaktþjónustu, heilsuverndarstarf og ráðgjafarþjónustu við heilbrigðiseftirlit.
- b) Laun samkvæmt samningi stéttarfélaga lækna og tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf og almennar tannlækningar.

IV. KAFLI

Um sjúkrahús.

25. gr.

25.1. Sjúkrahús er í lögum þessum hver sú stofnun, sem ætluð er sjúku fólki til dagvistunar eða fullrar vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það, sem þessi lög og reglugerðir þar að lútandi krefjast.

26. gr.

26.1. Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu:

1. Svæðissjúkrahús er sjúkrahús, sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða nær öllum greinum læknisfræði, sem viðurkenndar eru hérlendis, og hefur aðgang að stoðdeildum og rannsóknardeildum til þess að annast þetta hlutverk.
2. Deildasjúkrahús er sjúkrahús, sem veitir sérhæfða meðferð í helztu greinum lyflæknisfræði, skurðlæknisfræði og geðsjúkdómafræði og hefur aðgang að stoðdeildum til að rækja það starf, svo sem röntgendeild, svæfingardeild, rannsóknadeild og endurhæfingardeild.
3. Almennt sjúkrahús er sjúkrahús, sem ekki hefur sérdeildir, en hefur á að skipa sérfræðingum eða almennum læknum og tekur við sjúklingum til

rannsóknar og meðferðar, en hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegu-sjúklinga.

4. Hjúkrunar- og endurhæfingarheimili er vistheimili fyrir sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast meðferðar, sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.
 5. Sjúkraskýli er húsrými í heilsugæzlustöð eða annars staðar, sem eingöngu er ætlað til gæzlu eða athugunar sjúklinga um skamman tíma.
 6. Vinnu- og dvalarheimili eru stofnanir, sem taka til vistunar geðsjúklinga, drykkjusjúklinga, líkamlega bæklaða eða fávita, til dvalar eða starfs.
 7. Gistiheimili er dvalarstaður sjúklinga, sem eru til meðferðar á öðru sjúkrahúsi, en geta eigi dvalizt í heimahúsum.
- 26.2. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun sjúkrahúsa samkvæmt þessari grein, að höfðu samráði við Lands samband sjúkrahúsa, og ákveður jafnframt starfssvið og verkaskiptingu þeirra sjúkrahúsa, er starfa við gildistöku laganna. Þó skal í þeirri reglugerð ákvæðið, að í hverju lækni-héraði skuli vera a. m. k. eitt sjúkrahús samkvæmt tölulíð 2 í 26.1., með þeim deildum, sem þar eru taldar og við verður komið.

27. gr.

- 27.1. Þegar bygging eða starfræksla nýs sjúkrahúss er ákveðin, skal starfssvið þess ákveðið í samræmi við ákvæði 26. greinar.

28. gr.

- 28.1. Enginn má setja á stofn eða reka undir neinu nafni sjúkrahús samkv. 26. gr., nema með leyfi ráðherra. Sama máli gegnir um hvers konar aðra starfsemi, sem talin er vera í lækningaskyni.
- 28.2. Sama máli gegnir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

29. gr.

- 29.1. Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi samkvæmt 28. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar, hvar henni er ætlaður staður, uppdrættir af byggingum, lóðum og umhverfi og afstöðu til nágrennis, ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur fylgi greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástæður og loks skýrsla um starfsáætlun, um stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag, hve mörgum sjúklingum stofnun þessari er ætlað að sinna eða hve mörgum vist-mönnum að anna og með hvaða kjörum.
- 29.2. Ráðherra veitir því aðeins leyfið, að stofnunin fullnægi heilbrigðis kröfum og ætla megi, að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætlið skal leita álits viðkomandi héraðslæknis á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

30. gr.

- 30.1. Heilbrigðisyfirvöld skulu eiga greiðan aðgang til eftirlits að stofnunum, sem um ræðir í þessum lögum.

31. gr.

- 31.1. Við hvert sjúkrahús samkvæmt 26. gr. skal starfa sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir og hjúkrunarmenntuð forstöðukona.
- 31.2. Á svæðis- og deildasjúkrahúsum skulu vera yfirlæknar sérgreina og yfir-hjúkrunarkonur deilda.
- 31.3. Formaður læknaráðs svæðis- eða deildasjúkrahúss skal vera yfirlæknir allrar stofnunarinnar, nema stjórn sjúkrahúss ákveði annað.
- 31.4. Ráðherra setur með reglugerð, sbr. 26. gr., ákvæði um starfslið sjúkrahúsa í samræmi við starfssvið þeirra.

32. gr.

- 32.1. Sjúkrahús þau, er ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir yfirstjórn sjúkrahús-máladeildar ráðuneytis, en stjórn þeirra að öðru leyti falin 5 manna stjórnar-nefnd. Nefndin skal skipuð þannig, að starfsmannaráð ríkisspítala, sbr. 34.3 gr., tilnefni 2 menn, en ráðherra skipar 3 án tilnefningar og einn þeirra formann. Nefndin er skipuð til 4 ára, þó þannig að aldrei gangi nema 3 úr nefndinni í einu.
- 32.2. Sjúkrahúsum sveitarfélaga skal stjórnað af 5 manna stjórnun. Starfsmanna-ráð sjúkrahúsa kjósa 2 menn í stjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir 3. Þegar um einkasjúkrahús eða sjálfseignarstofnun er að ræða, kys starfs-mannaráð 1 stjórnarmann, viðkomandi sveitarstjórn 1, en eigendur 3.
- 32.3. Yfirlæknar og forstöðukonur sjúkrahúsa skulu sitja stjórnarfundi og hafa þar tillögurétt og málfrelsi og yfirlæknar sérgreina, þegar málefni þeirra eru rædd.
- 32.4. Stefnt skal að því að ráða sérmenntaða sjúkrahússtjóra sem framkvæmda-stjóra allra stærri sjúkrahúsa.

33. gr.

- 33.1. Ráðherra skipar 3 lækna í nefnd, er metur hæfni umsækjenda um stöðu land-læknis, stöður yfirlækna, sérfræðinga, héraðslækna og lækna heilsugæzlustöðva. Nefndin skal þannig skipuð: 1 tilnefndur af Læknafélagi Íslands, 1 tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands og landlæknir, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Sömu aðilar tilnefni varamenn. Nefndin skal skipuð til þriggja ára. Umsögn nefndarinnar fer síðan til stjórnarnefndar viðkomandi sjúkrahúsa og heilsugæzlustöðva. Þegar um er að ræða stöður yfirlækna og sérfræðinga, hefur nefndin heimild til að kveðja 2 sérfræðinga sér til ráðuneytis. Nefndin skal hafa skilað rökstuddu álitni innan fjögurra vikna, frá því að umsóknarfresti lauk.
- 33.2. Yfirlæknar við sjúkrahús ríkisins og aðrar heilbrigðisstofnanir skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn nefndar, sbr. 33.1., og lækna ráðs viðkomandi sjúkrahúss. Um ráðningarkjör yfirlækna fer eftir samningum milli stéttarfélags lækna og viðkomandi stofnana eða samningum um kjör opinberra starfsmanna.
- 33.3. Yfirlæknar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn nefndar, sbr. 33.1., og lækna ráðs viðkomandi sjúkrahúss, sé slíkt fyrir hendi.
- 33.4. Ráða má eða skipa hvern þann lækni til starfa samkvæmt þessari grein, sem hæfur hefur verið talinn.
- 33.5. Forstöðukonur við sjúkrahús ríkisins skulu skipaðar af ráðherra að fenginni umsögn sjúkrahússtjórnar. Forstöðukonur annarra sjúkrahúsa skulu ráðnar að fenginni umsögn hjúkrunarstjóra ráðuneytisins.

34. gr.

- 34.1. Við öll sjúkrahús, þar sem 3 lækna eða fleiri starfa og a. m. k. 2 eru í fullu starfi, skal starfa lækna ráð. Lækna ráð skal vera stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins, og ber stjórnendum að leita álits lækna ráðs um allt, sem varðar læknisþjónustu sjúkrahússins.
- 34.2. Lækna ráð setja sér starfsreglur, sem sjúkrahússtjórnir staðfesta.
- 34.3. Stofna skal við sjúkrahús sérstök starfsmannaráð sjúkrahúsa, þar sem starfs-hópar eiga fulltrúa.
- 34.4. Með reglugerð skal kveða á um reglur fulltrúakjörs og starfsreglur starfs-mannaráða.

35. gr.

- 35.1. Ráðherra lætur gera áætlun um heilbrigðisstofnanir samkvæmt 16. og 26. grein. Gera skal áætlun til 10 ára í senn og endurskoða hana á tveggja ára fresti.

Leita skal umsagnar landlæknis um áætlunina. Þau umdæmi, þar sem erfitt er að halda uppi heilsugæzlu, skulu hafa forgang um byggingu heilsugæzlustöðva.

- 35.2. Framkvæmdáætlun byggð á heildaráætlun skal árlega lögð fyrir Alþingi við gerð fjárlaga.

36. gr.

- 36.1. Ráðuneytið sér um framkvæmd áætlunar þeirrar, er um getur í 35. gr.
 36.2. Ef einstök sveitarfélög eða aðrir aðilar óska eftir, getur ráðherra gert við þá samning um að taka að sér ákveðnar framkvæmdir eða annast rekstur ákveðinna stofnana.
 36.3. Framlag ríkisins til sjúkrahúsbygginga, sem þannig er stofnað til, skal nema 85% af kostnaði við byggingu og búnað.
 36.4. Ríkissjóður, sveitarfélög og aðrir eignaraðilar eru eigendur sjúkrahúss í réttu hlutfalli við framlög hvers og eins.

37. gr.

- 37.1. Þau sjúkrahús í eigu sveitarfélaga eða einkaaðila, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna fylgja þeim starfsreglum, er þeim verða settar. Að öðru leyti verður rekstur þeirra óbreyttur, verði ekki um annað samið milli eigenda og ríkisins.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

38. gr.

- 38.1. Ráðuneytið skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið, Háskóla Íslands, landlækni og hin ýmsu stéttarsamtök heilbrigðisstarfsmanna, eftir því sem við á, stuðla að aukinni þekkingu og endurbótum á grunn- og framhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna í samræmi við þarfir landsmanna á hverjum tíma. Skal það enn fremur í samvinnu við ofangreinda aðila stuðla að viðhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna. Óski menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands eftir, skal heimilt að binda kennsluskyldu við Háskóla Íslands við ákveðnar stöður innan heilbrigðisþjónustunnar.

39. gr.

- 39.1. Ráðherra skal gera samkomulag við rannsóknastofnanir í sýkla- og veirufræði, eðlis- og efnafræði og lyfjafræði, svo að stofnanir heilbrigðiseftirlits, sem ekki reka eða hafa beinan aðgang að slíkum stofnunum, geti notið fullnægjandi rannsóknarþjónustu.
 39.2. Verði ekki séð fyrir nefndri þjónustu með þessu móti á fullnægjandi hátt, skal ráðuneytið hafa forgöngu um lausn málsins með byggingu og starfrækslu slíkra rannsóknastofnana.

40. gr.

- 40.1. Ráðuneytið og landlæknir skulu hafa forgöngu um samvinnu þeirra aðila innanlands, sem starfa að heilbrigðis- og almannatryggingamálum, í samráði við utanríkisráðuneytið um eflingu samstarfs á sviði þessara mála við Norðurlönd, Þjóðir Evrópu og á alþjóðavettvangi.

41. gr.

- 41.1. Öll ferðalög fastráðins starfsfólks, sem um ræðir í lögum þessum, skulu vera því að kostnaðarlausu, séu þau starfsins vegna, sbr. reglur um greiðslur kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, nr. 199/1970.

41.2. Reglur um bifreiðamál ríkisins, nr. 6/1970, skulu gilda um starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, eftir því sem við getur átt.

42. gr.

- 42.1. Ráðuneytið gerir í samráði við samgönguráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti (vegamálastjóra, landhelgisgæzlu, flugmálastjóra) og landlækni áætlun um, hvernig bezt og öruggast verði séð um, að læknar komist frá heilsugæzlustöðvum til móttökustaða innan starfssvæðis, svo og um almennt sjúkraflug og neyðarþjónustu.
- 42.2. Ráðuneytið getur í þessu skyni gert samning við flugfélög um slíkar ferðir eða gerzt aðili að rekstri flugvélar eða þyrlu til þessara nota.
- 42.3. Á sama hátt gerir ráðuneytið í samráði við samgönguráðuneytið (póst- og símamálastjóra) áætlun um fjarskipta- og símaþjónustu í héruðum landsins, svo að tryggt sé, að landsmenn geti náð til læknis án tafar.

43. gr.

- 43.1. Heimilt er ráðuneytinu að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis að veita læknaslúdentum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingum um læknisþjónustu í strjálbýli að loknu námi. Nánari ákvæði um styrki þessa skal setja í reglugerð.

44. gr.

- 44.1. Læknishéraðasjóðum samkv. lögum nr. 82/1970, Bifreiðalánasjóði samkv. 14. gr. laga nr. 43/1965, svo og ónotuðum fjárveitingum samkv. 15. og 16. gr. sömu laga, skal slá saman í einn sjóð, Læknishéraðasjóð, og skal ríkissjóður leggja honum til við stofnun 5 milljónir króna.
- 44.2. Hlutverk sjóðsins skal vera að bæta læknisþjónustu í dreifbýli með þeim ráðum, sem tiltæk eru hverju sinni. Ráðherra veitir lán og styrki úr sjóðnum að fengnum tillögum landlæknis.
- 44.3. Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera þau embættislaun héraðslækna og lækna við heilsugæzlustöðvar, sem ekki koma til greiðslu, vegna þess að læknar hafa ekki fengizt til starfanna, og auk þess skal árlega leggja sjóðnum fé á fjárlögum.
- 44.4. Ráðherra setur sjóðnum reglugerð.

45. gr.

- 45.1. Heimilt er að tengja við ákveðnar sérfræðings- og aðstoðarlæknisstöður við ríkisspítala kvöð um störf við heilsugæzlustöðvar, allt að 2 mánuðum á ári fyrir sérfræðinga og allt að 4 mánuðum fyrir aðstoðarlækna.

46. gr.

- 46.1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974. Jafnframt eru felld úr gildi sjúkrahúsalög, nr. 54/1964, læknaskipunarlög, nr. 43/1965, með áorðnum breytingum, heilsuverndarlög, nr. 44/1955, og lög um læknishéraðasjóði, nr. 82/1970, svo og önnur ákvæði laga, er fara í bág við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. II. kafli laganna og gr. 19.1. taka ekki gildi fyrr en Alþingi ákveður. Meðan gildistöku þessara ákvæða er frestað, skal ráðherra skipa einn lækni í hverju heilsugæzluumdæmi til þess að gegna þeim embættisstörfum, sem tilgreind eru í II. kafla. Læknar þessir skulu vera starfandi við heilsugæzlustöðvar, þar sem því verður við komið. Þangað til þessir læknar hafa verið skipaðir, skulu borgar-

læknirinn í Reykjavík og héraðslæknar gegna núverandi embættisstörfum sínum. Ákvæði í 16. gr. 3., 2—3 skulu ekki koma til framkvæmda, nema ákvörðun Alþingis komi til. Á meðan skulu héraðslæknar á Hvolsvelli, Hellu, Selfossi, Laugarási, Eyrarbakka og Hveragerði gegna embættum sínum samkvæmt lækna-skipunarlögum, nr. 43/1965, með áorðnum breytingum.

2. Til þess að koma á þeirri heilbrigðisþjónustu, sem ráðgerð er, skal úr ríkissjóði bjóða fram námsstyrki til heilbrigðisstarfsmanna, til þess að þeir geti aflað sér sérmenntunar. Námsstyrkir þessir skulu nægja fyrir skólagjöldum og dvalar-kostnaði erlendis í allt að 1 ár.
3. Héraðslæknar á læknissetrum, sem leggja á niður, skulu flytjast til heilsu-gæzlustöðva, þegar aðstaða er fengin, en ella sitja á núverandi aðsetri. Meðan löggin eru að komast til fullra framkvæmda, er heimilt að ráða lækna og annað starfslíð að heilsugæzlustöð með búsetu og starfsstað utan stöðvar. Heimilt er ráðherra að ráða hjúkrunarkonur til lækna utan heilsugæzlustöðva.
4. Heilsuverndarstarf skv. lögum nr. 44/1965, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því, sem er við gildistöku laganna, þar til heilsugæzlustöðvar hafa verið skipulagðar til að annast það.

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

L Ö G

um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Skipulag og stjórn.

1. gr.

Bætur til þeirra, sem verða atvinnulausir, skulu greiddar úr atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Árlegar tekjur sjóðsins eru þessar:

- a. Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 5. gr.
- b. Framlag frá sveitarfélögum samkvæmt 11. gr.
- c. Framlag úr ríkissjóði samkvæmt 12. gr.
- d. Vextir af innstæðufé sjóðsins og verðbréfum.

Tekjur samkvæmt stafliðum a—c og helmingur tekna samkv. d-lið skulu færðar á sérreikning verkalýðsfélaganna við sjóðinn.

2. gr.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs skipa 7 menn, tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands og 4 kosnir af sam-